

Menntaskólinn á Tröllaskaga
02 372

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Kt. 690310-0820

Ægisgötu 13, 625 Ólafsfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Tröllaskaga í Ólafsfirði og hóf störf haustið 2010. Skólinn starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Meðalnámstími til stúdentsprófs er 3 ár.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 317,8 milljónir og afkoma kr. -6,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 23,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 66,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans á Tröllaskaga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Tröllaskaga fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Lára Stefánsdóttir
Skólameistari

Inga Eiríksdóttir
Fjármálastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	287.100.000	287.348.052
Seld vara og þjónusta	3	9.156.413	19.130.008
Framlög og ýmsar tekjur	4	7.417.907	4.640.142
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	14.093.452	15.624.241
Tekjur samtals		<u>317.767.772</u>	<u>326.742.443</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	242.602.147	232.562.205
Annar rekstrarkostnaður	6	67.582.158	68.980.523
Afskriftir	7	14.093.452	15.624.241
Gjöld samtals		<u>324.277.757</u>	<u>317.166.969</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(6.509.985)	9.575.474
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(35.438)</u>	<u>(71.100)</u>
		(35.438)	(71.100)
Afkoma ársins		<u><u>(6.545.423)</u></u>	<u><u>9.504.374</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	1.766	2.216
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		23.057.408	34.974.060
Farartæki og vélar		51.106	55.162
Aðrar eignir		3.594.352	3.175.523
		<u>26.702.866</u>	<u>38.204.745</u>
Fastafjármunir samtals		<u>26.704.632</u>	<u>38.206.961</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	10	17.794.442	48.489.934
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		0	(1.023.603)
Handbært fé		21.960.788	18.187.780
		<u>39.755.230</u>	<u>65.654.111</u>
Veltufjármunir samtals		<u>39.755.230</u>	<u>65.654.111</u>
Eignir samtals		<u>66.459.862</u>	<u>103.861.072</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	11	23.751.806	56.496.023
Eigið fé samtals		<u>23.751.806</u>	<u>56.496.023</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	267.417	91.405
Viðskiptaskuldir		2.785.370	3.459.369
Ýmsar skammtímaskuldir	12	12.427.916	7.693.470
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	27.227.353	36.120.805
		<u>42.708.056</u>	<u>47.365.049</u>
Skuldir samtals		<u>42.708.056</u>	<u>47.365.049</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>66.459.862</u>	<u>103.861.072</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(6.545.423)	9.504.374
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	14.093.452	15.624.241
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(14.093.452)	(15.624.241)
		<u>(6.545.423)</u>	<u>9.504.374</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(1.023.603)	18.274.235
Tengdir aðilar		33.480.381	(32.251.720)
Skammtímaskuldir		4.060.447	0
		<u>36.517.225</u>	<u>(13.977.485)</u>
		<u>29.971.802</u>	<u>(4.473.111)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(2.253)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(2.591.123)	(7.083.903)
		<u>(2.591.123)</u>	<u>(7.086.156)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins			
Tengdir aðilar		(26.198.794)	0
Fjárfestingarframlag		(2.608.877)	2.086.156
		<u>5.200.000</u>	<u>5.000.000</u>
		<u>(23.607.671)</u>	<u>7.086.156</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		3.773.008	(4.473.111)
		<u>18.187.780</u>	<u>22.660.891</u>
		<u>21.960.788</u>	<u>18.187.780</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	0-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

2 Tekjufærsla fjárveitinga

	2019	2018
Fjárveiting ársins	287.100.000	292.348.052
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(5.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	287.100.000	287.348.052
Tekjufærsla frestaðra tekna	14.093.452	15.624.241
	<u>301.193.452</u>	<u>302.972.293</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	287.100.000	0	0	287.100.000
Fjárveiting til tekna	287.100.000	0	0	287.100.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(293.645.423)	0	0	(293.645.423)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(6.545.423)	0	0	(6.545.423)

3 Seld vara og þjónusta

	2019	2018
Sala á vöru og þjónustu	9.156.413	16.008.209
Sérfræðiþjónusta	0	124.430
Vörusala	0	22.250
	<u>9.156.413</u>	<u>19.130.008</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	3.475.519	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	3.942.388	4.640.142
	<u>7.417.907</u>	<u>4.640.142</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	202.514.372	188.976.393
Orlof, breyting	(7.775.026)	(1.489.667)
Launatengd gjöld	47.038.953	44.460.479
Starfsmannakostnaður	823.848	615.000
	<u>242.602.147</u>	<u>232.562.205</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	22,8	21,9

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	667.885	1.310.089
Byggingarvörur, almennar	19.064	22.049
Byggingarvörur, aðrar	191.762	13.158
Tæki og búnaður til innréttinga	0	85.097
Ýmis tæki og áhöld	1.070.306	1.454.640
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.196	24.545
Orkugjafir	3.173.149	3.163.284
Matvæli	2.004.731	1.969.851
Almennar rekstrarvörur	186.963	992.939
Vörukaup, almenn	7.315.056	9.035.652
Kennslu- og föndurvörur	806.931	880.622
Ýmsar sérgreindar vörur	5.292	0
Vörukaup, sérgreind	812.223	880.622
Fundir, námskeið, risna	3.154.649	3.360.917
Ferðir, uppihald	7.020.549	10.287.464
Akstur	5.004.334	4.528.565
Sérfræðiþjónusta	12.277.207	12.496.201
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	365.636	370.329
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.137.338	679.178
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	739.146	461.697
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	29.698.859	32.184.351
Afnotagjöld	5.026.642	3.775.534
Leigugjöld	17.943.282	17.496.690
Notkun véla og flutningatækja	337.150	339.746
Verkkaup	2.087.391	4.219.930
Kostnaðarhlutdeild	1.020.244	969.610
Opinber gjöld	68.550	50.088
Tilfærslur	3.272.761	28.300
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	29.756.020	26.879.898
Annar rekstrarkostnaður samtals	67.582.158	68.980.523
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	13.978.096	15.509.298
Farartæki og vélar	4.056	4.056
Aðrar eignir	110.850	110.850
	14.093.452	15.624.241

Skýringar

8 Óefnislegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir	1.766	2.216
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður
Stofnverð 1.1.2019		2.253
		<u>2.253</u>
Niðurfært 1.1.2019		37
Niðurfærsla ársins		450
		<u>487</u>
Staða 31.12.2019		<u>1.766</u>

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	23.057.408	34.974.060
Farartæki og vélar	51.106	55.162
Aðrar eignir	3.594.352	3.175.523
	<u>26.702.866</u>	<u>38.204.745</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	124.425.150	60.832	4.108.500	128.594.482
Viðbætur á árinu	2.061.444	0	529.679	2.591.123
	<u>126.486.594</u>	<u>60.832</u>	<u>4.638.179</u>	<u>131.185.605</u>
Afskriftir 1.1.2019	89.451.090	5.670	932.977	90.389.737
Afskrift ársins	13.978.096	4.056	110.850	14.093.002
	<u>103.429.186</u>	<u>9.726</u>	<u>1.043.827</u>	<u>104.482.739</u>
Staða 31.12.2019	<u>23.057.408</u>	<u>51.106</u>	<u>3.594.352</u>	<u>26.702.866</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	17.794.442	31.239.302
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	17.250.632
	<u>17.794.442</u>	<u>48.489.934</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	267.417	91.405
	<u>267.417</u>	<u>91.405</u>

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
11 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	56.496.023	46.991.649
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(26.198.794)	0
Afkoma ársins	(6.545.423)	9.504.374
Jöfnuður 31.12.	<u>23.751.806</u>	<u>56.496.023</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	1.606.751	7.697.003
Ógreidd laun	1.266.521	0
Önnur ógreidd gjöld	9.554.644	(3.533)
	<u>12.427.916</u>	<u>7.693.470</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	26.704.632	38.206.961
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	522.721	(2.086.156)
	<u>27.227.353</u>	<u>36.120.805</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	38.206.961	(2.086.156)	36.120.805
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	5.200.000	5.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.591.123	(2.591.123)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(14.093.452)	0	(14.093.452)
	<u>26.704.632</u>	<u>522.721</u>	<u>27.227.353</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 8,9 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 18 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.